



## Minnisblað

**Viðtakandi** Velferðarnefnd Alþingis  
**Sendandi** Heilbrigðisráðuneytið

**Dagsetning** 8. maí 2024  
**Málsnúmer** HRN23110103

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um, sjúkraskrár, nr. 55/2008 (umsýslumboð).

Í tölvupósti, dags. 8. maí 2024, óskaði velferðarnefnd eftir minnisblaði ráðuneytisins, um afstöðu þess til þeirra umsagna um málið sem nefndin aflaði við meðferð þess.

Fram kemur í umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar að þau styðji frumvarpið og telji þá leið sem þar er lögð til vera eina leið til að koma til móts við þann hóp fólks sem hefur orðið eftir hvað varðar aðgengi að rafrænum lausnum.

Í umsögn samtakanna er vakin athygli á því að aðgengi að sérfræðilæknum sé takmarkað og oft löng bið eftir þjónustu þeirra. Einnig setja samtökin í umsögn sinni fram vangaveltur um það hvort greiða þurfi fyrir þá þjónustu sem felst í útgáfu umsýslumboða.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er að mati ráðuneytisins rétt að takmarka heimildina við sérfræðilækna, sem talið er að búi yfir sérfræðiþekkingu sem nýtist við að túlka vilja og óskir einstaklinga með færniskerðingar. Með hliðsjón af sérmenntun sérfræðilækna, viðbótarþekkingu þeirra og reynslu var því ekki talið rétt að útvíkka slíka heimild til almennra lækna. Nánar verður kveðið á um framkvæmdina í þeirri reglugerð sem frumvarpið leggur til að verði sett en stefnt verður að því að veiting umsýslumboðs verði einstaklingum að kostnaðarlausu.

Í umsögn samtakanna er fjallað um þá reglugerð sem lagt er til að verði sett í frumvarpinu, þar sem nánar á að kveða á um framkvæmd mats á því hvort unnt sé að leiða í ljós vilja einstaklingsins áður en umsýslumboð er veitt. Er mikilvægi þess að leiðbeiningar um framkvæmd þess mats verði unnar í samstarfi við réttindagæslumenn fatlaðs fólks, áréttað í umsögninni. Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið og hyggst leita til réttindagæslumanna og hagsmunasamtaka fatlaðs fólks, við vinnslu reglugerðarinnar.

Í umsögn embættis landlæknis um frumvarpið er lögð áhersla á að umsýslumboðið sem frumvarpið fjallar um sé aðeins eitt skref í átt að framtíðarlausn fyrir þá einstaklinga sem ekki geta notast við hefðbundin rafræn skilríki. Mikilvægt er áfram sé unnið markvisst að því að þróa og innleiða aðrar leiðir til sannvottunar, auðkenningar og innskráninga sem henta breiðari hópi og uppfylla öryggiskröfur. Þá kemur jafnframt fram í umsögn embættisins að sá hópur sem ekki getur notast við hefðbundin rafræn skilríki sé ekki einsleitur. Verði aðrar auðkenningar- og innskráningarleiðir innleiddar verði þær að standast öryggiskröfur þar sem sjálfsákvörðunarréttur og sjálfstæði hvers einstaklings er hafður í fyrirrúmi. Ráðuneytið tekur undir þessi sjónarmið embættisins.

Í umsögn Sjúkratrygginga Íslands lýsir stofnunin yfir ánægju með frumvarpið. Fram kemur að um sé að ræða lausn sem beðið hefur verið eftir, þannig að hægt verði að veita öllum notendum þá þjónustu sem er í boði í vefgáttum stofnana sem vinna með heilbrigðisupplýsingar og tryggja örugg samskipti. Í umsögn sinni benda Sjúkratryggingar á nauðsyn þess að til frambúðar verði mismunandi lausnir á þessu sviði, svo sem umsýslumboð, umboðsmannakerfi Stafræns Íslands og samningar um persónulega talsmenn fyrir fatlað fólk, verði skoðaðar í samhengi og tekur ráðuneytið undir þau sjónarmið.